


PLAST ER ÞAÐ LÉTT AÐ
AUFVELT ER AÐ BLÁSA ÞVÍ
FRÁ ÖÐRUM ÚRGANGI



SENT ERLENDIS TIL
ENDURVINNSLU

SKILAR SÉR Í FRAMLEIÐSLU
Á NÝJUM VÖRUM

DÆMI UM PLAST

Sjampóbrúsar	Jógúrt dósir	Ýmsar einnota plastvörur
Tómatsósufloðskur	Snakppokar	Kaffiumbúðir
Plastbakkar undan matvöru	Plastpokar	Plastílát undan mjólkurdrykkjum
Umbúðir úr frauðplasti	Plastfilma	Plastílát undan hreinsivörum

Sjá fleiri dæmi um plast á flokkid.sorpa.is

Best er að nota margnota fremur en einnota. Það er bæði ódýrara og umhverfisvænna.

HREINSUM ANDRÚMSLOFTIÐ

Endurvinnsla á plasti er líka loftslagsmál. Fyrir hvert kg af plasti sem fer til endurvinnslu sparast um 2 kg af olíu og 2,15 kg af CO₂ útblæstri.

Ávinningur: – minni loftmengun og orkunotkun
– betri nýting náttúruauðlinda

Sorphirðudagatal má finna á vef Mosfellsbæjar, mosfellsbaer.is.

Þetta verkefni er samstarfsverkefni eftirtalinna sveitarfélaga:



PLASTIÐ Í SÉR POKA OG BEINT ÚT Í TUNNU



LUKKUNÚMÉR

SORPA



ÁGÆTI ÍBÚI

Nú býðst Mosfellsbæingum ný leið til að endurvinna plast. Þú setur einfaldlega hreint plast í lokuðum plastpoka í sorptunnuna þína (orkutunnuna) og SORPA flokkar það vélrænt frá öðrum úrgangi og kemur til endurvinnslu. Markmiðið er að draga úr urðun plasts og nýta betur hráefnið í plastinu.

Íbúar hafa staðið sig einstaklega vel í að flokka pappír og pappa í bláu tunnuna á undanförunum árum og nú tókum við næsta skref í átt að því að hætta urðun úrgangs.

Plastflokun í plastpoka er samstarfsverkefni SORPU og fjögurra sveitarfélaga, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar.

Verkefnið hefur þegar verið reynt á Seltjarnarnesi í tilraunaskyni og skilaði það góðum árangri. Aðferðin er einföld, hagkvæm, leiðir af sér verulegan umhverfisávinning og hefur aukna þjónustu við íbúa að leiðarljósi.

HAPDRÆTTI GEYMDU BÆKLINGINN!

Þessi bæklingur hefur ekki aðeins að geyma gagnlegar upplýsingar. Hann er líka **happdrættismiði** og þú finnur lukkunúmerið þitt framan á bæklingnum, í vinstra horninu.

Tveir heppnir handhafar bæklingisins fá óvæntan glaðning, glæsilegan kvöldverð fyrir tvo.

Dregið verður á **Degi umhverfisins 25. apríl nk.** Fylgist með á mosfellsbaer.is

sorpa.is/plastipoka



HVERS VEGNA AÐ FLOKKA PLAST?

Árið 2017 fóru um 27 kg af óflokkuðu plasti frá hverjum íbúa á höfuðborgarsvæðinu í sorptunnuna, samkvæmt rannsókn SORPU á heimilisúrgangi. Það plast endaði á urðunarstað SORPU í Álfsnesi. Aðeins um 5 kg af plasti frá hverjum íbúa skiluðu sér flokkuð í endurvinnslufarveg.

Plast er búið til úr olíu, sem er óendurnýjanleg auðlind og því mikilvægt að nýta hana betur en nú er gert. Plast brotnar seint eða ekki niður í náttúrunni og getur valdið lífríkinu skaða, sleppi það óhindrað út í umhverfið.

Ábyrgð okkar allra er að umgangast auðlindir jarðar af virðingu og koma úrgangi í þann farveg að hráefni nýtist á nýjan leik en fari ekki til spillis eða valdi umhverfinu skaða.

Samfélagið þarf að gera betur og með nýjum vélrænum flokkunarbúnaði í móttöku- og flokkunarstöð SORPU er einfalt að koma plasti til endurvinnslu. Þá er hagkvæmara fyrir sveitarfélagið, og þar með íbúann, að sem mest af plasti, pappír og pappa fari í endurvinnslufarveg.



HVERNIG FLOKKUM VIÐ PLASTIÐ?

Safnaðu öllu plasti sem til fellur á heimilinu í sér plastpoka að eigin vali.

Það má t.d. nota innkaupapoka eða aðra plastpoka sem til eru á heimilinu. Skola skal plastið og skila án aðskotahluta, s.s. matarleifa. Þegar nóg er komið í pokann er bundið vandlega fyrir og hann settur í sorptunnuna. Athugið að niðurbriðanlegir pokar úr maís eða sterkju eru ekki plast og mega því ekki fara í þennan farveg. Sjá spurningar og svör á sorpa.is/plastipoka.

SORPA FLOKKAR PLASTIÐ FRÁ ÖÐRUM ÚRGANGI

Sorphirðubílar á vegum sveitarfélaganna flytja efni sorptunnunnar í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi. Þar eru pokarnir með plastinu flokkaðir frá öðrum úrgangi með vélum. Innihaldi tunnunnar er hellt á færiband með kraftmiklum blásara sem blæs pokunum með plastinu frá öðrum úrgangi þar sem þeir eru léttari. Plastið er síðan baggað og sent erlendis til endurvinnslu. Þar er það flokkað eftir plasttegundum, þvegið, malað og svo nýtt sem hráefni í margvíslegar nýjar plastvörur. Plast sem ekki er hægt að endurvinna í nýjar vörur er endurnýtt sem orkugjafi við varma- og rafmagnsframleiðslu erlendis.

Nú er einfalt að flokka plast og gefa því framhaldslíf. Taktu þátt og leggðu þitt af mörkum. Þetta er einföld leið til að gera heiminn okkar örliðið betri.

